

Nd. 417. Frumvarp til laga

um byggingu gistihúss í Reykjavík.

(Lagt fyrir Alþingi á 64. löggjafarþingi, 1946.)

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að verja úr ríkissjóði allt að 5 — fimm — milljónum króna til gistihúsbyggingar í Reykjavík. Fé þetta er ríkisstjórninni heimilt að taka að láni.

2. gr.

Gistihús það, sem um getur í 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt að reisa í félagi við bæjarstjórn Reykjavíkur, stofnanir, félag og einstaklinga.

3. gr.

Gistihúsið má reka fyrir reikning ríkissjóðs eða í félagi við þá aðila, sem verða þátttakendur í því að reisa gistihúsið.

Ef hentugra þykir, má leigja húsið út til gistihúshalds.

4. gr.

Ef gistihús þetta verður reist og rekið af hlutafélagi, skulu ákvæði hlutafjálaga nr. 77/1921, um stofnendur og takmörkun á atkvæðarétti ekki gilda um það hlutafélag. Að öðru leyti gilda ákvæða téðra hlutafélagalaga nr. 77/1921, svo sem við verður komið.

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka eignarnámi lóðir, hús og mannvirki eftir því sem hún telur þurfa undir gistihúsið og því til afnota. Fer um það eignarnám eftir lögum nr. 61 14. nóvember 1917.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta :

Á Alþingi 1944, 63. löggjafarþingi, var borin fram tillaga til þingsályktunar um gistihússbyggingu í Reykjavík. Málið fékk þá afgreiðslu á þinginu, að því var vísað til ríkisstjórnarinnar á fundi í sameinuðu Alþingi 30. apríl 1945.

Síðan þinginu lauk hafa farið fram viðræður um málið milli samgöngumálaráðherra, borgarstjórnars í Reykjavík og stjórnar Eimskipafélags Íslands og málið verið athugað eftir föngum og hefur það orðið að samkomulagi milli þessara aðilja, að ríkisstjórnin beri fram frumvarp á yfirstandandi Alþingi um byggingu gistihúss í Reykjavík. Liggur það frumvarp hér fyrir og er tilætlun nefndra aðila að leggja fram fé til þess að koma húsinu upp annaðhvort einir, eða með þátttöku fleiri aðila, ef það kynni að þykja betur henta. Yrði þá gistihúsið væntanlega reist og rekið af félagi sem stofnað yrði í því skyni.

Í frumvarpið er sett ákvæði um nauðsynlegar undanþágur frá ákvæðum hlutafélagalaganna, ef til kemur, svo og um eignarnám, sem kann að verða nauðsynlegt að framkvæma í þarfir gistihússins.